

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Eiríksson, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, og Kristbjörgu Stephensen borgarlögmann.

Umsagnir bárust frá Kvenréttindafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna og Lýðheilsustöð.

Með frumvarpinu er lagt til að undanþáguheimild til nektarsýninga í atvinnuskyni á veitingastöðum falli brott. Málið er endurflutt og við afgreiðslu málsins á 136. löggjafarþingi var allsherjarnefnd sammála um að leggja til að málið yrði afgreitt og vísar nefndin til þeirrar umfjöllunar (þskj. 839, 157. mál). Þar kemur fram að rekstraraðilum megi vera það ljóst að þessi hluti rekstrarins byggist á undanþágu frá meginreglu laganna um að veitingastöðum sé hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem eru á staðnum og að undanþáguheimildina beri að skýra þröngt. Undanþáguheimildin er háð því að umsagnaraðilar um rekstrarleyfi veiti jákvæðar umsagnir. Geti rekstraraðilarnir því ekki byggt lögmætar væntingar til annars en að þessi tiltekna starfsemi sé háð breytingum á löggjöf.

Fyrir nefndinni kom fram að starfsemi sem býður upp á nektardans byggist nær eingöngu á ungum erlendum stúlkum sem hingað koma og að þær eru nokkur hundruð á ári. Hefur lögregluyfirvöldum verið mikið í mun að tryggja öryggi þeirra en þar sem þær stoppa mjög stutt á landinu hefur reynst erfitt að kanna stöðu þeirra, aðstæður og ástæður fyrir því að þær stunda þessa iðju eða hvort þær eru þvingaðar til þess með einum eða öðrum hætti. Þá hefur einnig reynst erfitt að sinna eftirliti með stöðunum hérlendis.

Í umsögnum sem bárust á 136. löggjafarþingi kom fram að rannsóknir yfirvalda víða í Evrópu hafa sýnt fram á að stúlkurnar eru almennt mjög ungar, en þó yfir lögdri, og þolendur misneytingar af ýmsu tagi, svo sem vegna fátæktar og áfengis- og eða eiturlyfjafiknar. Í mörgum tilvikum eru þær fórnarlömb mansals eða annarra glæpa. Taldi allsherjarnefnd þá í ljósi upplýsinga frá lögreglu að verulegar líkur væru á því að á þessum stöðum störfuðu í einhverjum mæli einstaklingar sem ekki njóta fullra persónuréttinda og eru mögulega fórnarlömb mansals eða annars konar misneytingar og benti nefndin í því sambandi á að alþjóðlegir glæpahringir væru fyrirferðarmiklir í frambóði á konum til starfsemi af þessum toga.

Allsherjarnefnd taldi við meðferð málsins á 136. löggjafarþingi engin málefnaleg sjónarmið fyrir því að viðhalda gildandi undanþáguheimild þegar metnir voru þeir hagsmunir sem í húfi eru og sjónarmið um vernd mannréttinda og persónuhelgi þeirra kvenna sem á stöðunum starfa. Nefndin ítrekar nú þessi sjónarmið og leggur ríka áherslu á þetta hagsmunamat.

Við meðferð málsins á 136. löggjafarþingi kom fram gagnrýni á að í breytingunni felist fyrirvaralaust afnám heimilda til rekstrar af þessum toga og taldi nefndin þá rétt að draga úr hugsanlegu óhagræði rekstraraðila vegna þessa með því að gefa aðlögunartíma. Nefndin telur nokkur rök með því og leggur því til að gildistaka frumvarpsins verði miðuð við 1. júlí 2010.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi, er samþykkur álitum þessu.

Erla Ósk Ásgeirsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Þráinn Bertelsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2010.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
form., frsm.

Árni Þór Sigurðsson.

Valgerður Bjarnadóttir.

Ólöf Nordal.

Róbert Marshall.